

U.M.F.Í.

BÓKASAFN
UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

PINGGERÐ

36. PINGS U.M.S.K.

1959

ÞINGGERÐ

36. ÞINGS U.M.S.K.

ÞINGGERÐ

36. ÞINGS U.M.S.K.

I. 36. þing U.M.S.K. var haldið 1. marz 1959 í skólahúsinu Ásgarði í Kjós. Hófst þingið kl. 11 f.h.

Formaður U.M.S.K. Ármann Pétursson setti þingið og bauð fulltrúa velkomna til starfa. Drap hann á þau mál sem fyrir þingið voru nú lögð og hét á þingfulltrúa að minnast skyldu sinnar við málefni ungmennafélaganna með því að vinna vel og drengilega að framgangi þeirra á þinginu. Minntist formaður síðan hinna hörmulegu sjóslysa er togarinn "Júlí" og vitaskipið "Hermóður" fórust með allri áhöfn. Vottuðu þingfulltrúar hinum látnu virðingu sína og aðstandendum samúð með því að rísa úr sætum.

II. Kosning kjörbréfanefndar:

Kosnir voru: Jón Guðmundsson, Gísli Ellertsson og Björgvin Guðmundsson.

Að loknu stuttu hléi og að kjörbréfanefnd hafði lokið störfum las form. nefndarinnar Jón Guðmundsson nöfn fulltrúa og kynnti þá:

Frá U.M.F. Aftureldingu:	Arndís Jakobsdóttir
	Lárus Halldórsson
	Jón M. Guðmundsson
	Ásbjörn Sigurjónsson
	Reynir Guðjónsson
	Grétar Óskarsson
	Ólafur Jóhannesson
	Guðjón Hjartarson, form.

Frá U.M.F. Kjalnesinga:	Jón Ólafsson
	Kristján Þorgeirsson
	Bjarni Þorvarðarson
	Páll Ólafsson, form.

Frá U.M.F. Dreng:

Axel Jónsson
Steinar Ólafsson
Njáll Guðmundsson
Bergur Magnússon
Gísli Ellertsson
Helgi Jónsson, form.

Frá U.M.F. Breiðablik:

Sigurður Guðmundsson
Guðmundur Óskarsson
Arthur Ólafsson
Gróa Jónatansdóttir
Samúel Guðmundsson
Grétar Kristjánsson
Björgvin Guðmundsson, form.

Frá U.M.F. Bessastaðahr.:

Einar Ólafsson
Hafsteinn Árnason
Jón G. Gunnlaugsson, form.
Ármann Pétursson, (varafm.)

III. Kosning starfsmanna þingsins:

1. þingforseti: Njáll Guðmundsson
2. - Lárus Halldórsson
3. - Sigurður Guðmundsson

Ritarar:

Reynir Guðjónsson
Ólafur Jóhannesson

IV. Kosning nefndanefndar:

Uppástunga stjórnarinnar var samp. og hlutu þessir kosningu:

Axel Jónsson, form.
Jón N. Guðmundsson
Björgvin Guðmundsson
Páll Ólafsson
Ármann Pétursson

Dá mættu gestir þingsins þeir Skúli Þorsteinsson framkvstj.
U.M.F.Í. og Jón Pálsson frá Æskulýðsráði Reykjavíkur.

Formaður sambandsins bauð þá velkomna og gat þeirra mála er þeir myndu ræða sérstaklega á þinginu.

V. Skýrsla stjórnarinnar flutt af form. Ármanni Péturssyni.

Stjórn sambandsins 1958 skipuðu:

Ármann Pétursson, form.
Sig. Gunnar Sigurðsson, varaform.
Páll Ólafsson, gjaldkeri
Gestur Guðmundsson, ritari
Steinar Ólafsson, meðstjórnandi.

Eins og áður, eru nú í sambandinu 5 félög með samtals 640 félagi, þar af um 250 óskattskylda.

Bókaðir stjórnarfundir voru 8.

ÍÞRÓTTIR:

Ráðinn var knattspyrnuþjálfari, Hermann Hermannsson. Kenndi hann samtals 3 mánuði í Kópavogi og Mosfellssveit.

Hörður Ingólfsson þjálfaði frjálsíþróttamenn og handknattleikslíð kvenna hjá U.M.F. "Breiðablik".

Héraðsmót U.M.S.K. var haldið á Leirvogstungubökkum dagana 26. og 27. júlí. Þátttakendur voru 62 - karlar 27, konur 17, drengir 18. Keppt var í 11 íþróttagreinum karla, 7 gr. kvenna og 7 gr. drengja.

Úrslit urðu sem hér segir:

U.M.F. Breiðablik	162 stig
U.M.F. Drengur	70 -
U.M.F. Afturelding	39 -

Arthur Ólafsson frá Breiðablik setti nýtt sambandsmet í kúluvarpi, kastaði 14,03 m. Fyrra metið átti Árni Reynir Hálfánarson. Beztu afrek, reiknuð eftir gildandi stigatöflu urðu þessi:

Ragna Lindberg:	kúluvarp k.	8.71 m
Sigurður Stefánsson:	-	11.07 m
Arthur Ólafsson:	-	14.03 m

Knattspyrna var iðkuð í þrem félögum. Í eldri og yngri deild Breiðabliks, í eldri deild hjá Aftureldingu og yngri deild U.M.F. Bessastaðahr.

Hin árlega knattspyrnukeppni á vegum sambandsins, milli Aftureldingar og Breiðabliks fórst fyrir vegna ósamkomulags um keppnisvöllinn.

2. þátttakendur frá sambandinu tóku þátt í Knattspyrnudómara-námskeiði, sem haldið var í Reykjavík á vegum Knattspyrnudómara-félagsins og K.R.R. Þátttakendur voru frá U.M.F. Breiðablik. Fengu þeir dómara réttindi. Voru það Friðbjörn Guðmundsson og Sigmundur Eiríksson.

Á vegum sambandsins fór 9 manna íþróttaflokkur til hinnar árlegu fjögurra-héraða-keppni, sem haldin var á Akureyri. Förin var hin ánægjulegasta og árangur góður, eftir atvikum. Fararstj. var Steinar Ólafsson.

Athugaðir voru möguleikar á íþróttasamstarfi við Færeyjar. Færeyingar sáu sér ekki fært, að taka á móti íþróttamönnum s.l. sumar, en óska eftir athugun á málinu. Er því haft í huga að senda handknattleikslið kvenna til Færeyja.

Starfsíþróttir:

Enda þótt lítið hafi verið um þjálfun í starfsíþróttum, efndi sambandið til héraðsmóts í starfsíþróttum að Brautarholti á Kjalarnesi 27. sept. Þátttaka var þessi:

Í búfjárdómum	21
- dráttarvélaakstri	11
- starfshlaupi	11

Úrslit:

Hestadómar: U.M.F. Drengur 8 stig, U.M.F. Kjalnesinga 7 stig.

Sauðfjárdómar: U.M.F. Drengur 11 stig, U.M.F. Kjalnesinga 4 stig.

Nautgripadómar: U.M.F. Drengur 8 stig, U.M.F. Kjalnesinga 7 stig.

Dráttarvélaakstur: U.M.F. Drengur 7 stig, U.M.F. Kjalnesinga 5 stig, Afturelding 3 stig.

Í starfshlaupi sigraði Gísli Ellertsson U.M.F. Dreng.

Dómari í búfjárdómum var Pétur Hjálmsón ráðunautur.
Mótstjóri var Páll Ólafsson.

Á landsmóti hestamannafélaga á Þingvöllum kepptu tveir félagar frá U.M.F. Dreng í hestadómum.

Gísli Ellertsson varð no. I, hlaut 90,80 stig.

Steinar Ólafsson varð no. V, hlaut 85 stig.

Á s.l. ári gaf M.R. bikar til keppni í búfjárdómum, og s.l. sumar gáfu Samvinnutryggingar fagran grip til verðlauna í keppni í dráttarvélaakstri. Stjórnin hefur samið reglugerð um þessa verðlaunagripi og sent félögunum. Stjórn U.M.S.K. þakkar þessar ágætu gjafir.

Saga sambandsins

Hafin er skráning á sögu sambandsins og hefir Loftur Guðmundsson tekið að sér að sjá um verkið. Keppt er að því marki að ritið komi út á 40 ára afmæli sambandsins, sem er 1962. Hvatti formaður félögin, að bregðast vel við og senda útdrátt úr sinni eigin sögu og myndir frá starfi félaganna. Um stærð og eintakafjölda er enn óákveðið; en eftir núgildandi verðlagi upplýsti form., að rit í sama broti og þinggerð U.M.S.K., 96 síður og kápa, 1000 eintök, myndi kosta kr. 28.154,65.

Skák og bridge

Sambandsstjórnin efndi til Bridge-móts. U.M.F. Breiðablik sá um mótið. Úrslit urðu þessi:

U.M.F. Afturelding	4 + 2 stig
- Drengur	4 + 0 +
- Breiðablik	2 -
- Kjalarness	2 -

Efnt var til skákmóts í tveim fl. Aðeins tvö félög sendu sveitir, eldri fl., en þrjú félög í yngri fl.

Úrslit: Sveit U.M.F. Breiðablik vann í eldri fl. með 5 stigum. Sveit U.M.F. Drengs vann í yngri fl. með 7 1/2 stigi.

U.M.F. Breiðablik hlaut 5 1/2 stig.

U.M.F. Kjalarness hlaut 2 stig.

Fjármál:

Form. taldi tekjur samb. ekki vera árvissar; yrði því að gera sérstakar ráðstafanir til fjáröflunar. E.t.v. væri möguleikar til þess að safna góðum ljósmyndum af félagssvæðinu, búa út sem póstkort og selja síðan.

Veittra fjárstyrkja til samb. frá Gullbringu- og Kjósarsýslu svo og Kópavogskaupstað, minntist form. með þökk.

Friðlýsing sögustaða er eitt áhugamála sambandsins. Í því sambandi minnti form. sérstaklega á tvo merka staði:

- a. Þar sem Kópavogsfundurinn frægi var háður, og
- b. þar sem Kjalarnesþing var haldið.

Í lok skýrslu sinnar þakkaði form. samstarfsfólki öllu og velunnurum sambandsins góð störf í þágu þess.

Árman Pétursson lýsti yfir, að hann gæfi nú ekki kost á sér til formanns- eða stjórnarstarfa fyrir sambandið. Því næst voru endurskoðaðir reikningar U.M.S.K. lesnir upp af gjaldkera þess, Páli Ólafssyni.

Niðurstöðutölur þeirra voru:

Tekjur	kr.	21.342,27
Gjöld	-	21.617,71
Reksturshalli	-	275,44
Eign í árslok	-	25.321,02

Eins og tölurnar bera með sér, varð nokkur reksturshalli, en gjaldkeri taldi árið mikið framkvæmdaár, og sennilega gætu nokkrir útgjaldaliðir fallið burtu á næsta ári.

Hófust nú umræður um reikningana og skýrslu stjórnarinnar.

Fyrstur tók til máls Jón M. Guðmundsson. Þakkaði störf stjórnarinnar, en gerði því næst nokkrar fyrirspurnir um einstök framkvæmdaatriði.

Taldi Jón æskilegt, að fyllri upplýsingar um þátttöku félagsmanna á ýmsum mótum, lægju árlega fyrir o.s.frv. Ræddi Jón nokkuð um v.l. sögurit, hvatti mjög til starfs; og taldi áriðandi að sala gæti orðið mikil, loks er það kæmi út.

Árman Pétursson svaraði fyrirspurnum Jóns. Gaf m.a. eftirtalдар upplýsingar: Fyllri skýrslur um þátttöku íþróttamanna væru hjá stjórninni, en tími hefði ekki verið til þess að ganga fyllilega frá þeim, áður en þinggerð kom út. Viðvíkjandi samræmingu árgjalda hjá félögum innan U.M.S.K., hefði stjórnin skrifað form. félaganna, og lagt til að árgjöldin yrðu kr. 30.00. Árman lagði áherzlu á, að áriðandi væri að miða tillöguflutning og samb.við það, að þær væru framkvæmanlegar.

Sigurður Guðmundsson óskaði upplýsinga um, hvers vegna ekki hefði verið afhentur verðlaunagripur, sem ungur piltur úr U.M.F. Breiðablik hefði unnið til á síðasta héraðsmóti U.M.S.K.

Sig. Gunnar Sigurðsson upplýsti, að fljótlega yrði staðið við gefið heit í þessu efni, en taldi nokkur tormeiki á, að útvega hentuga verðlaunagrip, þar sem bæði yrði að taka tillit til verðs og gæða.

Næstur tók til máls Ásbjörn Sigurjónsson, og ræddi um slysa-tryggingar íþróttamanna. Lagði áherzlu á, að þingið tæki heilt á þeim málum, svo aðkallandi sem þau væru. Taldi rétt, að U.M.S.K. leitaði samstarfs við Íþróttaráð Reykjavíkur um málið; og endanlega yrði gengið frá þessum tryggingarmálum, áður en sumarstarf íþróttamanna hæfist. Ásbjörn ræddi einnig um, að nauðsynlegt væri, að U.M.S.K. hefði heimildabók þar sem skráðar yrðu allar upplýsingar um gjafir til sambandsins, og einnig frá því; svo og um heiðranir einstakra manna o.fl. skylt efni. Slíkt gæti mjög auðveldað störf í þessu sambandi.

Þá tók til máls Sig. Gunnar Sigurðsson. Gat þess, að U.M.F. Afturelding hefði á aðalfundi sínum rætt slysa-tryggingar íþróttamanna. Þar hefði verið samþykkt, að ef 36. þing U.M.S.K. gengi ekki heilt frá málinu, myndi U.M.F.A. ekki telja sig bundið við afstöðu U.M.S.K., heldur fara sínar eigin leiðir.

Að lokum talaði Axel Jónsson. Ræddi hann félagslífið

almennt, sérstaklega þó um íþróttamálin. Þakkaði hann og störf sambandsstjórnar.

Meiri umræður urðu ekki um reikninga né skýrslu stjórnar. Voru reikningarnir síðan bornir upp og samþykktir samhljóða.

VI. Íþróttá- og starfsíþróttamál:

Framsm. Guðjón Hjartarson. Ræðumaður dvaldi mest við frjáls-íþróttastarfið og taldi að það þyrfti mjög að glæðast frá því, sem nú væri. Íþróttamótin þyrftu að verða með meiri glæsibrag. Leggja bæri á það áherzlu, að fá leiðbeinendur fyrir hinar einstöku greinar íþróttanna. Í því sambandi minntist hann sérstaklega starfsíþróttanna, og taldi þær vera mjög nauðsynlegar og jákvæðar í félagslífi ungmennafélaganna. Það kom fram í ræðu Guðjóns, að ýmsir þátttakendur frá U.M.S.K. í starfsíþróttum, hefðu staðið sig mjög vel á nokkrum mótum. Einnig fagnaði Guðjón þeim staðreyndum, að stúlkur frá U.M.S.K. hefðu á mörgum íþróttamótum, unnið mikla sigra í handknattleik. Guðjón vísaði einstökum atriðum máls síns til íþróttanefndar, en bar ekki fram skriflegar tillögur. Er hann hafði lokið máli sínu, gaf forseti fundarhlé.

Var gengið til borðstofu og matast. Hér skal þess getið, að móttökur allar að Ásgarði voru með miklum ágætum.

VII. Frístundir og skemmtanalíf:

Framsm. Jón Pálsson. Erindi Jóns var mjög athyglisvert. Minnti hann á, hversu félags- og skemmtanalíf hefði tekið miklum breytingum hin síðari ár. Áður fyrr hefði fjöldi fólks sótt einna mesta gleði í störf. Með vaxandi tækni og rýmri tíma, hefði nú skapast aðstaða til þess að njóta margvíslegra skemmtana og fjölbreytts félagslífs. Sumir þættir skemmtanalífsins væru með glæsibrag, en aðrir miður; og hefðu þar að auki þá hættu í för með sér, að draga fjöldann til sín; því enn væri það staðreynd, að starfsgleðin væri hollur förunautur, ekki sízt æskunnar. Það bæri of mikið á því nú, sagði Jón, að "fjöldinn" dragi sig í hlé, vegna þess að nokkrir einstaklingar hefðu aðstöðu til þess að öðlast "met" og verða sigurvegarar. Jón lagði áherzlu á eflingu

starfsípróttanna, og að nýta alla möguleika, til þess að glæða hin jákvæðu hugðarefni einstaklinganna. Í þessu sambandi ræddi hann allmikið um tómstundaiðju. Benti að lókum á þá nauðsyn, hvort heldur sem starfandi væru sérstök "æskulýðsráð" eða önnur ungmennasamtök, að þau hefðu sem bezta yfirsýn um margt það, er verða mætti æskufólki til blessunar og gleði. -

Er Jón hafði lokið máli sínu, kom í ljós, að fulltrúar höfðu eflst mjög að áhuga á málum þeim, er erindið fjallaði um. Urðu því miklar umræður.

Þessir tóku til máls: Páll Ólafsson, Sig. Gunnar Sigurðsson, Sigurður Guðmundsson, Ólafur Jóhannesson, Ármann Pétursson, Skúli Þorsteinsson og Axel Jónsson.

Ræðumenn voru mjög á sama máli; töldu mál Jóns t.d. um eflingu tómstundaiðju mjög tímabært. Nauðsynlegt væri að vinna að bættu skemmtanalífi; og að ný samtök, sem stofnuð yrðu, eða þau sem fyrir væru, hjálpuðu ungu fólki til þess að njóta hugðarefna sinna, og nota hæfileika sína sem bezt. Málinu og framkomnum tillögum síðan vísað til félagsmálanefndar.

VIII. Álit nefndanefndar:

Nefndin hafði lokið störfum í matarhléi. - Axel Jónsson framsm. skýrði frá tillögum nefndarinnar. Voru þær samþ. samhlj. og voru þessar.

Allsherjarnefnd: Guðjón Hjartarson
Samúel Guðmundsson
Kristján Þorgeirsson
Njáll Guðmundsson
Einar Ólafsson

Fjárhagsnefnd: Páll Ólafsson
Gísli Ellertsson
Ásbjörn Sigurjónsson

Ipróttanefnd: Arthur Ólafsson
Steinar Ólafsson
Ólafur Jóhannesson
Guðmundur Óskarsson
Grétar Óskarsson

Félagsmálanefnd: Björgvin Guðmundsson
Helgi Jónsson
Arndís Jakobsdóttir
Gróa Jónatansdóttir
Reynir Guðjónsson

Laga- og skipulagsnefnd: Lárus Halldórsson
Bergur Magnússon
Bjarni Þorvarðarson
Grétar Kristjánsson
Hafsteinn Árnason

Kjörnefnd: Axel Jónsson
Jón M. Guðmundsson
Jón Ólafsson
Sig. Grétar Guðmundsson
Ármann Pétursson

IX. Frá U.M.F.Í.

Framsm. Skúli Þorsteinsson framkvstj. í upphafi máls síns, gat Skúli þess, að enn ríkti innan ungm.félaganna hinn góði andi, sem félögin voru í fyrstu risin frá; svo væri og hér á þessi þingi. Því næst rakti hann ýms atriði félagsstarfseminnar. Hann taldi æskilegt, að starfsíþróttirnar yrðu í tengslum við búnaðarfélag viðkomandi byggðarlaga; og að ráðinn yrði sérmenntaður og hæfur maður til leiðbeiningar um allt, er snerti starfsíþróttamálin. Varðandi þau mál hafði Skúli og með sér nokkra bæklinga, er höfðu að geyma leiðbeiningar og fræðslu. Hann ræddi um rit ungmenna-félaganna, Skinfaxa. Ritið væri gott rit og starfseminni nauðsynlegt. Sala þess gengi treglega. Fulltrúar ungm.fél. þyrftu því að hefja baráttu fyrir aukinni sölu; og söfnun efniviðs fyrir ritið.

X. Saga sambandsins (afmælisritið):

Framsm. Ármann Pétursson. Minnti ræðumaður enn á, að mikið starf væri óunnið; og hvatti fulltrúa til framtaks í því efni. Ræddi síðan nokkuð um kostnaðarhlið málsins. Vísast þar til þess, er áður er fram komið í skýrslu stjórnarinnar. Að lokum

bar Ármann fram tillögu varðandi kostnaðarhliðina. Var henni vísað til fjárhagsnefndar.

Næstur tók til mál Sigurður Guðmundsson. Lýsti stuðningi við mál það, er til umræðu var; Saman þyrfti að fara gott efni og mikill fróðleikur um sögu sambandsins og að bókin sem slík, þyrfti að vera í handhægu broti.

Ásbjörn Sigurjónsson, ræddi og málið. Tók í sama streng um það, að vel þyrfti að vinna.

XI. Fréttir frá sérsamböndunum:

a. Frá Knattspyrnusambandi Íslands, fluttar af Jóni M. Guðmundssyni. Í upphafi máls síns gat Jón þess, að vegna framkomu Breta í "Landhelgismálinu", hefði ákvörðun um landsleik við þá í knattsp. s.l. sumar, verið dregin til baka. Jón upplýsti að K.S.Í. hefði heiðrað Ríkharð Jónsson Akranesi, vegna þátttöku hans í fjölmörgum landsleikjum, og afreka á sviði knattspyrnunnar. Þá lagði fréttamaður til, að aukin yrði notkun fræðslukvikmynda í þágu íþróttanna, og að þingið gæfi form. ungm.fél. heimild til þess, að kjósa sér aðstoðarmenn í hinum ýmsu greinum íþróttanna. Till. Jóns var vísað til íþróttanefndar.

b. Frá Frjálsíþróttasambandi Íslands, fluttar af Lárusi Halldórssyni. Getið var m.a. um frægð Vilhjálms Einarssonar, sem mikils methafa í langstökki og landskeppni frjálsíþróttamanna við Dani. Enn óákveðið hvort landsleikir í frjálsum íþróttum verða háðir í sumar. Í því sambandi, kvað Lárus fjárskort sambandsins (F.R.Í.) torvelða mjög heimboð og utanfarir frjálsíþróttamanna. Nú sem staði, væru Austur-Djóðverjar og Pólverjar einu þjóðirnar, sem fúsar væru að taka þátt í milliríkjakeppni á þeim grundvelli, að bera helming kostnaðar. F.R.Í. hefur óskað eftir, að héraðsmótum ungmennafélaganna væri lokið, ár hvert, áður en meistaramót Íslands, í frjálsum íþróttum færi fram. Lárus gat þess að lokum, að F.R.Í hefði heiðrað Sig. Gunnar Sigurðsson, með eirmerki, og Þorgils Guðmundsson, með gullmerki sambandsins.

c. Frá Handknattleikssambandi Íslands, fluttar af Ásbirni Sigurjónssyni. Ásbjörn taldi mikla grósku vera ríkjandi í þessari grein íþróttanna (handknattleik). Sagði frá vel heppnaðri för handknattleiksliðs til Norðurlanda, sem nýlega er lokið. Einnig að margar keppnisferðir stæðu fyrir dyrum, t.d. til Þrándheims í Noregi (kvennafl.), og jafnvel til Brasilíu. En tilfinnanlegan húsnæðisskort H.S.Í. kvað Ásbjörn valda því, að sambandið getur ekki boðið erlendum liðum heim. Þá upplýsti hann, að H.S.Í. ynni að því, að þátttakendur æfðu handknattleik að vetrinum, en knattspyrnu um sumur.

XII. Fundarsköp fyrir U.M.S.K.:

35. þing U.M.S.K. hafði kosið millipinganefnd til þess að semja fundarsköp fyrir sambandið. Nefndin hafði lokið stöfum en hana skipuðu: Axel Jónsson, Jón M. Guðmundsson og Gunnar Guðmundsson. Nefndin hafði haft fundarsköp F.R.Í. til hliðsjónar, en gert á þeim smávægilegar breytingar (frávik).

Axel Jónsson gerði grein fyrir till. millipinganefndar, las fundarsköpin og skýrði suma liði sérstaklega. Tillögurnar fóru síðan umræðulaust til laga- og skipulagsnefndar.

Forseti bauð nú fundarhlé. Gengu menn til kvöldmatar.

XIII. Álit þingnefnda:

a. Frá íþróttanefnd. Framsögum. Arthur Ólafsson.

1. Um árleg knattspyrnumót samþ. samhljóða, með viðbótartill. frá Jóni Guðmundssyni (Þskj. II.).
2. Um knattspyrnulið, sem keppa út á við. Samþ. með 4:2 atkv. (Þingskj. III.).
3. Um kappleiki í fjarlægum héruðum. Samþ. samhlj. (Þskj. IV.).
4. Um íþróttasamstarf við Færeyjar. Samþ. samhlj. (Þskj. V.).
5. Um árlega íþróttaviku á vegum F.R.Í. Samþ. samhlj. (Þskj. VI.).
6. Um íþróttataeki. Samþ. samhlj. (Þskj. VII.).
7. Um þjálfara og fræðslukvikmyndir. Samþ. samhlj. (Þskj. VIII.).

8. Um verðlaunagripi. Samp. samhlj. (Þskj. IX.).
9. Um slysatryggingar íþróttamanna. Samp. samhlj. (Þskj. X.).

Um lið 1 urðu nokkrar umræður og um lið 9 allmiklar.

Ásbjörn Sigurjónsson og Sigurður Guðmundsson lögðu til að till. yrði felld, þar sem hún næði ekki nógu langt og væri þess vegna neikvæð fyrir málið. Lárus Halldórsson taldi tillöguna bera með sér, að íþróttanefnd væri málinu fylgjandi og studdi því tillöguna.

b. Frá allsherjarnefnd. Framsögum. Guðjón Hjartarson.

1. Um Landhelgismálið. Samp. samhlj. (Þskj. XI.).
2. Um kynningar- og skemmtisamkomur. Samp. samhlj. (Þskj. XII.).
3. Starfsíþróttir og leiðbeiningastarfss. Samp. samhlj. (Þskj. XIII.).
4. Um heimildarbók v. gjafa o.fl. Samp. samhlj. (Þskj. XIV.).
5. Um bindindismál. Samp. samhlj. (Þskj. XV.).
6. Um Skinfaxa. Samp. samhlj. (Þskj. XVI.).

Engar umræður um till. allsherjarnefndar.

c. Frá laga- og skipulagsnefnd. Framsögum. Lárus Halldórsson.

1. Um fundarsköp f. U.M.S.K. Samp. samhlj. (Þskj. XVII.).

d. Frá félagsmálanefnd. Framsögum. Björgvin Guðmundsson.

1. Um keppni í skák og bridge. (Þskj. XVIII.).
2. Um leiklistarstarfssemi. (Þskj. XIX.).
3. Um samstöðu félagssamtaka í eflingu tómtundaiðju. (Þskj. XX.).
4. Um leyfi til þingsetu. (Þskj. XXI.).
5. Um þakkir til samvinnutr. (Þskj. XXII.).

Allar till. félagsmálanefndar samp. samhlj. án umræðna.

e. Frá fjárhagsnefnd. Framsögum. Páll Ólafsson.

1. Um þakkir vegna styrkja. Samp. samhlj. (Þskj. XXIII.).
2. Um slysatryggingar. Samp. samhlj. (Þskj. XXIV.).
3. Umsókn um hækkun styrkja. Samp. samhlj. (Þskj. XXV.).
4. Um hækkun skatta. Samp. samhlj. (Þskj. XXVI.).
5. Um fjárframl. til Þrastaskógar. Samp. samhlj. (Þskj. XXVII.).
6. Um framlag til Sögusjóðs. Samp. samhlj. (Þskj. XXVIII.).
7. Fjárhagsáætlun f. næsta ár. Samp. samhlj. (Þskj. XXIX.).

8. Um fjáröflunarnefnd. Samb. samhlj. (Dskj. XXX.).

Um 2. lið fjárhagsnefndar urðu nokkrar umræður. Til máls tóku Lárus Halldórsson, Ármann Pétursson og Ásbjörn Sigurjónsson. Lagði Ásbjörn enn sem fyrr áherzlu á, að fljótt og vel yrði gengið frá tryggingarmálum ípróttamanna.

XIV. Önnur mál.

Framsögum. Ármann Pétursson. Ármann minnti enn á sjóslysin, er Júlí og Hermóður fórust. Hann taldi hlýða, að U.M.S.K. beitti sér fyrir fjársöfnun á sambandssvæðinu, til aðstandenda hinna látnu sjómanna. Fögnuðu fulltrúar tillögu Ármanns og hófst fjársöfnunin þegar á þinginu og söfnuðust kr. 1.700,00.

XV. Fréttir frá sambandsfélögum:

Þessir tóku til máls:

Frá U.M.F. Aftureldingu:	Guðjón Hjartarson. (form.)
- - Bessastaðahr.:	Ármann Pétursson
- - Breiðablik:	Björgvin Guðmundsson (form.)
- - Dreng:	Helgi Jónsson (form.)
- - Kjalnesinga:	Jón Ólafsson

Var ljóst af máli þeirra að félögin höfðu unnið með góðum árangri að fjölbreyttum félagsmálum m.a. með því að stunda ípróttir, ferðalög, heilbrigðar skemmtanir, leikstarfsemi og stuðlað að ýmsum öðrum menningarmálum á sambandssvæðinu.

XVI. Stjórnarkosningar og aðrar kosningar:

Kjörnefnd: Framsögum. Axel Jónsson. Hann gat þess að form. sambandsins Ármann Pétursson og ritari Gestur Guðmundsson gæfu nú ekki kost á sér til stjórnarstarfa, en þeir hefðu starfað í stjórn sambandsins um átta ára skeið. Þakkaði hann þeim mikið og farsælt starf í þágu sambandsins. Þá lagði hann fram tillögur kjörnefndar og gat þess að þær hefðu allar verið samþykktar samhljóða í nefndinni.

Dær voru þessar:

1. Stjórn U.M.S.K.

Form.: Páll Ólafsson
V.form.: Sig. Gunnar Sigurðsson
Meðstj.: Steinar Ólafsson
Samúel Guðmundsson
Stefán Eyþórsson
Varamenn: Njáll Guðmundsson
Bjarni Þorvarðarson
Hafsteinn Árnason
Guðmundur Magnússon
Björgvin Guðmundsson
Endursk.: Lárus Halldórsson
Ólafur Ág. Ólafsson
Til vara: Guðjón Hjartarson
Jón Ólafsson

Héraðsdómstóll: Teitur Guðmundsson

Næsta ár á Lárus Halldórsson að ganga úr dómnum.

Fjáröflunarnefnd samb.: Tómas Sturlaugsson
Magnús Sæmundsson
Björgvin Guðmundsson
Jóhann Jónsson
Jón Ólafsson

XVII. Kjör fulltrúa á íþróttaping og sambandsþing U.M.F.Í.:

Kjörinn á þing Í.S.Í.: Axel Jónsson, aðalm.
Páll Ólafsson, varam.

Kjörnir á þing U.M.F.Í.: Páll Ólafsson
Lárus Halldórsson
Axel Jónsson
Varamenn: Sigurður Guðmundsson
Guðjón Hjartarson
Steinar Ólafsson

XVIII. Kjör fulltrúa á þing sérsambandanna.

Kjörnir á þing F.R.Í.: Lárus Halldórsson
Jón M. Guðmundsson
Axel Jónsson
Varamenn: Sigurður Guðmundsson
Steinar Ólafsson
Njáll Guðmundsson

Kjörnir á þing K.S.Í.: Jón M. Guðmundsson
Björgvin Guðmundsson
Varamenn: Tómas Sturlaugsson
Grétar Kristjánsson

Kjörnir á þing H.S.Í.: Skúli Skarphéðinsson
Arthur Ólafsson
Varamenn: Halldór Lárusson
Guðjón Hjartarson

Kjörnir á þing S.S.Í.: Axel Jónsson
Til vara: Sig. Gunnar Sigurðsson

Tveir menn kjörnir til að vinna af framgangi slysa-
trygginga íþróttamanna: Ásbjörn Sigurjónsson
Sigurður Guðmundsson

Um tillögur kjörnefndar urðu engar umræður og voru þær allar samþykktar samhljóða.

XIX. Dingslit:

Axel Jónsson þakkaði fráfarandi formanni og ritara U.M.S.K. samstarfið. Hvatti þingfulltrúa til þess að standa með hinni nýkjörnu stjórn og öðrum starfsmönnum sambandsins.

Páll Ólafsson, hinn nýkjörni form. þakkaði traust það, er honum hafði verið sýnt, og vænti góðs samstarfs allra áhugamanna innan U.M.S.K.

Ásbjörn Sigurjónsson þakkaði, fyrir hönd þingfulltrúa, heimamönnum að Ásgarði móttökur allar og fyrirgreiðslu.

Að síðustu flutti Ármann Pétursson lokaorð. Þakkaði samstarfs-

mönnum og öðrum, mikið og gott starf; og hvatti til samstöðu
um komandi verkefni.

Að svo mæltu sleit forseti 36. þingi U.M.S.K.

Reynir Guðjónsson
ritari

Ólafur Jóhannesson frá Svínhóli
ritari

D I N G S K J Ö L

36: ÞINGS U.M.S.K.

ÞINGSKJAL I:

36. þing U.M.S.K. haldið að Ásgarði í Kjós 1. marz 1959.
1. Þingsetning.
 2. Kosning kjörbréfanefndar og álit.
 3. Kosning starfsmanna þingsins.
 4. Kosning nefndanefndar.
 5. Skýrsla stjórnar.
 6. Álit nefndanefndar.
 7. Frístundir og skemmtanalíf.
 8. Frá U.M.F.Í.
 9. Íþrótt- og starfsíþróttamál.
 10. Saga sambandsins.
 11. Fréttir frá sérsamböndum.
 12. Fréttir frá sambandsfélögum.
 13. Álit þingnefnda.
 14. Önnur mál.
 15. Stjórnarkosningar og aðrar kosningar.
 16. Kjör fulltrúa á íþróttaping og sambandsþing U.M.F.Í.
 17. Kjör fulltrúa á þing sérsambanda.
 18. Þingslit.

ÞINGSKJAL II:

36. þing U.M.S.K. felur stjórn sinni að vinna að því að knattspyrnumót verði haldið árlega á vegum sambandsins og að félagið sem heldur mótið ráði hvar keppni fer fram, svó fram-
lega sem lögum og reglum K.S.Í. sé fylgt.

ÞINGSKJAL III:

36. þing U.M.S.K. telur það vera samkomulagsatriði hverju sinni hvort að einstakt félag sendi knattspyrnulið til keppni út á við, eða sambandið sem heild.

DINGSKJAL IV:

36. þing U.M.S.K. felur stjórninni að athuga möguleika á því að efna til íþróttakappleikja við einstök félagasamtök í fjarlægari héruðum.

DINGSKJAL V:

36. þing U.M.S.K. telur æskilegt að komið yrði á íþróttasamstarfi við Færeyjar og felur stjórninni að vinna áfram að framgangi þess máls.

DINGSKJAL VI:

36. þing U.M.S.K. felur fulltrúum sínum á þingi F.R.Í. að vinna að framgangi árlegrar íþróttaviku á vegum F.R.Í.

DINGSKJAL VII:

36. þing U.M.S.K. felur stjórninni að sjá um, að öll íþróttatæki sem notuð eru á íþróttamótum sambandsins séu fullkomlega lögleg.

DINGSKJAL VIII:

36. þing U.M.S.K. skorar á félögin að hafa samráð með útvegum þjálfara og fræðslukvikmynda til eflingar íþróttalífinu.

DINGSKJAL IX:

36. þing U.M.S.K. felur sambandsstjórninni að sjá um að verðlaunagripir séu til staðar, þegar keppt er á vegum sambandsins, ef verðlaun skal veita.

DINGSKJAL X:

36. þing U.M.S.K. telur nauðsynlegt að íþróttamenn sambandsins séu slysatryggðir er þeir mæta til keppni, og kýs 2.menn í nefnd, sem kynni sér slysatryggingamál íþróttamanna, og vinni að framgangi málsins á annan hátt í samráði við sambandsstjórnina.

ÞINGSKJAL XI:

36. þing U.M.S.K. fagnar útfærslu fiskveiðitakmarkanna í 12 mílur, og þakkar öllum þeim sem á einn eða annan hátt hafa að því unnið. Skorar þingið á ríkisstjórn og Alþingi að kvika hvergi frá settu marki.

ÞINGSKJAL XII:

36. þing U.M.S.K. beinir þeim tilmælum til stjórnar sambandsins, að hún gangist fyrir kynningar- og skemmtisamkomum, þar sem hvert sambandsfélag sjái um eitthvert skemmtiatriði. Einnig athugi stjórnin möguleika á sameiginlegu skemmtiferðalagi.

ÞINGSKJAL XIII:

36. þing U.M.S.K. skorar á stjórn sambandsins og sambandsfélögin, að vinna ötullega að útbreiðslu starfsíprótta t.d. með aukinni leiðbeiningastarfsemi.

ÞINGSKJAL XIV:

36. þing U.M.S.K. beinir þeim tilmælum til stjórnar sambandsins, að hún skrái í heimildabók gjafir sem berast sambandinu. Einnig gjafir frá sambandinu og viðurkenningu til einstakra manna og félaga.

ÞINGSKJAL XV:

36. þing U.M.S.K. lýsir fullum stuðningi við bindindisstarfsemina í landinu. Þingið telur að félagar U.M.S.K. vinni þessum málum mest gagn með því að halda uppi sem fjölbreyttustu félagslífi á sambandssvæðinu.

ÞINGSKJAL XVI:

36. þing U.M.S.K. skorar á sambandsfélögin að vinna að útbreiðslu "Skinfaxes" og stuðla að því að ritið verði sem fjölbreyttast, og sendi blaðinu greinar um starfsemi sína og viðfangsefni.

ÞINGSKJAL XVII:

ÞINGSKÖP

Héraðsþings Ungmennasambands Kjalarnesþings

1. gr. Þingsetning.

Formaður U.M.S.K. setur héraðsþing og stjórnar kosningu 1., 2. og 3. þingforseta og tveggja þingritara.

2. gr. Verksvið þingforseta.

Þingforseti stjórnar umræðum og sér um, að allt fari fram með góðri reglu. Ef þingforseti vill taka þátt í umræðum frekar en staða hans krefur, skal hann víkja úr sæti sínu, en annar þingforseti taka sæti á meðan. Eigi má þingforseti taka þátt í atkvæðagreiðslu, nema skrifleg sé, og verður hann að hafa gengið til sætis síns, áður en slíkt fer fram. Þingforseti hefur þó ágreiningsatkvæði.

3. gr. 2. þingforseti og 3. þingforseti.

Í forföllum 1. forseta tekur 2. forseti sæti hans að öllu leyti. Í forföllum 2. forseta tekur 3. forseti sæti hans á sama hátt.

4. gr. Þingritarar.

Þingritarar riti gerðabók undir umsjón þingforseta og geti í henni þeirra mála, sem rædd eru á þinginu og úrslit þeirra. Í þinglok skal, ef kleift er, lesa upp fundargerð. Heimilt er að fela þingriturum í samráði 1. þingforseta, að ganga frá þinggerð.

5. gr. Nefndir.

Eftirtaldar nefndir skulu kosnar:

1. Kjörnefnd sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju félagi U.M.S.K. Nefndin athugar í upphafi þingsins kjörbréf fulltrúa og gerir tillögur um úrskurð þeirra. Á sama hátt tekur nefndin til meðferðar þau kjörbréf er berast síðar á þinginu. Kjörnefnd gerir tillögur um fulltrúa í eftirfarandi nefndir: 2. Fjárhagsnefnd. 3. Íþróttanefnd. 4. Allsherjarn. 5. Laga- og skipulagsn. 6. Félagsmálanefnd. Sá sem fyrstur er tilnefndur í nefnd kallar nefndina

saman. Heimilt er þinginu að fela kjörnefnd að gera tillögur um aðrar nefndir sem þingið kann að telja þörf á að skipa. Kjörnefnd gerir tillögur um stjórn sambandsins, endurskoðendur og héraðsdómstól U.M.S.K. Heimilt er að fela kjörnefnd að gera tillögur um fulltrúa í aðrar trúnaðarstöður sem þingið kys í.

6. gr. Umræður.

Þingfulltrúi, sem óskað hefur að taka til máls, skal að fengnu leyfi þingforseta, standa upp úr sæti sínu og mæla þaðan, nema sérstakur ræðustóll sé til þess ætlaður. Hann skal halda sér við það málefni, sem til umræðu er og varast ótilhlýðileg orð.

7. gr. Hve oft má taka til máls.

Formaður U.M.S.K., þingforseti, framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn, þótt fleiri flytji, mega taka svo oft til máls sem þörf krefur (og kostur er á). Aðrir mega ekki taka oftari til máls en þrisvar í sama mála á sama fundi. Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæzlu fundarskapa og til að bera af sér sakir.

8. gr. Röð ræðumanna.

Þingforseti gefur þingfulltrúum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð, er þeir beiðast þess. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu að því er til framsögumanns kemur, svo og til þess að þingfulltrúi geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd, er snerta hann sjálfan.

9. gr. Um reglu á fundum.

Skylt er þingfulltrúum að lúta valdi þingforseta í hvívetna, er að því lýtur að gæta góðrar reglu á þinginu. Þingforseta er heimilt að gefa fundarhlé, ef hann telur það nauðsynlegt.

10. gr. Niðurskurður umræðna.

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur þingforseti lagt til, að ræðutími verði takmarkaður eða umræðum verði hætt, og sker fundurinn úr því umræðulaust með atkvæðagreiðslu. Einnig geta

5 fulltrúar krafizt þess að greidd séu atkvæði um hvort umræðum skuli lokið.

11. gr. Dagskrá fundar.

Þingforseti auglýsir í byrjun hvers fundar dagskrá þingsins. Ennfremur skal hann eftir því sem hægt er í fundarlok skýra frá aðalmálum næsta fundar.

12. gr. Atkvæðagreiðslur og úrslit mála.

Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu, nema þar sem annað er ákveðið í lögum sambandsins. Forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar eftir að atkvæða hefur verið leitað með og á móti. Hafi atkvæðagreiðslan verið ógreinileg, skal endurtaka hana. Kosningar skulu vera skriflegar.

13. gr. Máli vísað til stjórnar U.M.S.K.

Dyki þingfundi ekki ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, sem á dagskrá hefur komið, getur hann vísað því til stjórnar sambandsins.

14. gr. Afbrigði frá fundarsköpum.

Heimilt er að víkja frá þessum þingsköpum í einstökum atriðum, en 2/3 hlutar þeirra fulltrúa, sem á fundi eru, verða að samþykkja slík afbrigði.

ÞINGSKJAL XVIII:

36. þing U.M.S.K. skorar á félög sambandsins, að senda sveitir á hinar árlegu keppnir í skák og bridge, svo sá þáttur félagsstarfsins leggizt ekki niður, vegna þátttökuleysis.

ÞINGSKJAL XIX:

36. þing U.M.S.K. lýsir ánægju sinni yfir árangri Umf. Aftureldingar í leiklistarstarfseminni, jafnframt skorar þingið á opinberar stofnanir, svo sem Þjóðleikhúsið að veita aðstoð sína við leiðbeiningastörf o.fl. varðandi þetta mál.

DINGSKJAL XX:

36. þing U.M.S.K. felur stjórn U.M.S.K. að beita sér fyrir því að viðtækt samstarf takizt milli menningarfélaga á félags-
svæði U.M.S.K., um fjölþætta tómstundaiðju æskunnar.

DINGSKJAL XXI:

36. þing U.M.S.K. væntir þess að það félag sem sér um þingið
gefi sínum félagsmönnum öðrum en fulltrúum kost á að sitja þingið.

DINGSKJAL XXII:

36. þing U.M.S.K. þakkar Samvinnutryggingum fyrir ágætan
verðlaunagrip sem þær hafa gefið sambandinu og keppa á um í
dráttarvélaakstri á starfsípróttamótum sambandsins.

DINGSKJAL XXIII:

36. þing U.M.S.K. þakkar sýslunefndum Gullbringu- og Kjósar-
sýslu og bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar fyrir veittan fjárstyrk,
og þann skilning sem þessir aðilar hafa sýnt starfsemi sambands-
ins fyrr og síðar.

DINGSKJAL XXIV:

36. þing U.M.S.K. samþ. að leggja kr. 4.000,00 af fjárhags-
áætlun næsta árs til slysatrygginga ípróttamanna.

DINGSKJAL XXV:

36. þing U.M.S.K. samþ. að sækja um hækkun á styrkjum frá
sýslusjóði Gullbringu- og Kjósarsýslu, og Kópavogskaupstað vegna
vaxandi félagsstarfs.

DINGSKJAL XXVI:

36. þing U.M.S.K. samþ. að hækka skatt sambandsfélaganna
í kr. 10,00 pr. skattskyldan féлага.

ÞINGSKJAL XXVII:

36. þing U.M.S.K. samþ. að veita kr. 500,00 til Þrastaskógar.

ÞINGSKJAL XXVIII:

36. þing U.M.S.K. sér sér ekki fært að áætla fé í sögusjóð vegna erfiðleika á öflun tekna, en verði tekjuafgangur næsta ár, samþykkir þingið að leggja hann í sögusjóð, þó ekki meira en kr. 2.000,00.

ÞINGSKJAL XXIX:

Fjárhagsáætlun fyrir árið 1959.

Gjöld:

Kostnaður við þing U.M.S.K., þinggerð o.fl.	Kr.	2.500,00
Styrkir til íprótta, bridge o.fl.	-	4.000,00
Framlag til Þrastaskógar	-	500,00
Skattur til Í.S.Í. og U.M.F.Í.	-	2.286,00
Keypt ípróttaáhöld	-	1.000,00
Kostnaður við ípróttamót og tryggingar ípróttam.	-	5.500,00
Verðlaunagripir	-	1.000,00
Ýmislegt (símt., auglýs., geymsluh.)	-	2.530,00
Óviss útgjöld	-	1.000,00
	Kr.	<u>20.310,00</u>

Tekjur:

Ágóði af fjáröflunarskemmtun	Kr.	3.000,00
Styrkir úr sýslusjóði Kjósarsýslu	-	8.000,00
- - - Gullbringusýslu	-	2.000,00
- bæjarsjóði Kópavogskaupstaðar	-	3.000,00
Innheimtur skattur frá sambandsfélögum	-	3.810,00
Vaxtatekjur	-	500,00
	Kr.	<u>20.310,00</u>

ÞINGSKJAL XXX:

36. þing U.M.S.K. samþykkir að kjósa 5 menn í fjáröflunarnefnd, til aðstoðar stjórn sambandsins við öflun tekna.